

Nr. 55.
10.
nóvbr.

Lög

um

breyting á opnu brjefi 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ákvæði það í opnu brjefi 6. janúar 1857 5. B., um að stofna byggingarnefnd á Akureyri, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágrannahúsa, skal úr lögum numið. Á steinhúsum mega þó eigi vera gluggar, dyr, nje önnur op á veggjum þeim, er vita að annars manns lóð, nema því að eins, að veggurinn sje að minnsta kosti 5 ál. frá lóðarmörkum, og að því, er kemur til timburhúsa, þá skal hvert einstakt hús vera greint frá næsta húsi með eldvarnargaffi, ef bilið milli þeirra er minna en 10 ál., enda þyki byggingarnefndinni eigi viðsjárvert af sjerstökum ástæðum, að húsinn standi svo nálægt hvort öðru.

Eldvarnargaffi er hjer talinn veggur úr (tígul-)steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, er taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið á hærra húsinu, og sje eigi minna en 7—8 þumlunga þykkur.

2. gr.

Eptirleiðis má eigi byggja íbúðarhús nje bæjarhús úr torfi í landi kaupstaðarins. Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ef tillaga um það kemur fram frá byggingarnefnd.

3. gr.

Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að hennar álitu lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það, sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur sá, er hlutur á að máli, skotið til stjórnarráðsins, og leggur það fullnaðarúrskurð á málið.

Nr. 55. Lög 10. nóvember um breyting á opnu brjefi 6. janúar 1857 um að stofna byggingarnefnd á Akureyri.

LOV

om

Nr. 55.
10.
Novbr.

Forandring i Plakat af 6te Januar 1857 angaaende Oprettelsen af en Bygningskommission paa Akureyri.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Den Bestemmelse i Plakat af 6te Januar 1857, 5 B, angaaende Oprettelsen af en Bygningskommission paa Akureyri, at der altid bør være et frit Rum af 10 Alen mellem Nabohuse, ophæves. Paa Stenbygninger maa der dog i de mod anden Mands Grund vendende Mure ikke anbringes Vinduer, Døre eller andre Aabninger, medmindre Muren er fjærnet mindst 5 Alen fra Skellet til Nabogrunden, og forsaavidt angaar Træbygninger, skal hver enkelt Bygning være adskilt fra Nabobygningen ved en Brandgavl, naar Afstanden mellem dem er mindre end 10 Alen, forudsat at Bygningskommissionen ikke af særlige Grunde finder Betænkelighed ved, at Bygningerne staa hinanden saa nær.

Ved en Brandgavl forstaas her en Mur af (Mur-) Sten af mindst een Stens Tykkelse, hvori der ikke er nogen Aabning, og som rækker mindst 6 Tommer op over Taget af det højeste af Husene, samt har en Tykkelse af mindst 7—8 Tommer.

§ 2.

Opførelsen af nye Bygninger af Græstørv paa Byens Grund er herefter forbudt, dog kan Byraadet, naar $\frac{2}{3}$ stemme derfor, paa Bygningskommissionens Indstilling meddele Undtagelse fra denne Bestemmelse.

§ 3.

Bygningskommissionen bemyndiges til, naar $\frac{2}{3}$ af dens samtlige Medlemmer stemme derfor, at tage Beslutning om at forbyde saadan ydre Udstyrelse af Bygninger og Indhegninger, ved hvilke Byens Udseende efter Kommissionens Skøn vilde lide eller vansires, samt at paalægge den, der maatte handle herimod at raade Bod paa det i saa Henseende mangelfulde. En saadan Beslutning kan af vedkommende indankes til Ministeriet til endelig Afgørelse.

Nr. 55. Lov 10. November om Forandring i Plakat 6te Januar 1857 angaaende Oprettelsen af en Bygningskommission paa Akureyri.

Nr. 55.
10.
nóvbr.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefnd krefst þess, og áður en byrjað er á húsmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykkt, er bæjarstjórn semur eptir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið staðfestir.

Í byggingarsamþykkt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþykktarinnar leiðir.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1905.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 4.

Nr. 55.
10.
Novbr.

Enhver, der opfører en ny eller gør væsentlige Forandringer ved en ældre Bygning, er pligtig paa Forlangende, forinden Opførelsen eller Ombygningen paabegyndes, at tilstille Bygningskommissionen en Plan over Bygningen, der tydelig fremstiller sammes Indretning.

§ 5.

Finder Byraadet det ønskeligt, at de efter Lovgivningen til enhver Tid for Købstadens Bygningvæsen gældende Bestemmelser fuldstændiggøres ved yderligere Forskrifter, kunne saadanne optages i en Bygningsvedtægt, som affattes af Byraadet efter Bygningskommissionens Forslag og stadfæstes af Ministeriet.

I Bygningsvedtægten kan der fastsættes Bøder for Overtrædelse af samme samt Regler angaaende Udredelse af de Om ostninger, som følge af Bygningsvedtægtens Bestemmelser.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 10. November 1905.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.